

Aðalfundur FaMos 17. febr. 2020

Komið öll sæl kærur félagar

Í byrjun mars á síðasta ári tók ég við gjaldkerastarfinu af okkar góða Pétri Guðmundssyni. Ég var á báðum áttum þegar ég var spurð hvort ég vildi taka við þessu starfi, ég hugsaði með mér að ég hlýt að geta þetta og steypiti mér beint í djúpu laugina án þess að vita hvað ég var að fara út í. Þetta var því ekki auðvelt til að byrja með en þetta tókst svona nokkuð skammlaust vona ég.

Eftir þessa romsu ætla ég að skýra frekar nokkur atriði varðandi ársreikning FaMos fyrir árið 2019.

Reikningurinn er á borðunum með staðfestingu skoðunarmanna og stjórnar FaMos.

Tekjur:

Inngreiðslur félagsgjalda voru kr.1.224.196, það er 124.183 kr. lægra en það var 2018. Það voru 120 manns sem ekki greiddu félagsgjöld 2019. Þeir sem eru 85 ára og eldri greiða ekki félagsgjald, það voru 50 manns.

Innborgun v/sögunámskeiðs fer undir tekjur v/menningar- og skemmtinefndar.

Innborgun v/sumarferða fór eins og árið áður í gegnum Elvu, forstöðumanns félagsstarfsins að Eirhömrum.

Hér nefni ég sérstaklega veglegan styrk frá KKB (Samfélagssjóður Kaupfélags Kjalarnespings).

Styrkur kr. 50.173 er frá fyrirtækinu Spánarheimili v/félagsskírteina.

Samtals tekjur kr. 4.624.078.

Gjöld:

Undir liðnum tækjabúnaður o.fl. reiknast nú ýmsar vörur, auglýsingar, heimasíðan, akstur o.fl.

Hluti gjalda v/íprótta var greiddur á þessu ári.

Samtals gjöld kr. 3.225.136.

Tekjur umfram gjöld kr. 1.398.136.